



Umhverfis- og skipulagssvið - Skipulagsfulltrúi
Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 10. mars 2022
Tilvísun: 2022030124

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um tillögu að deiliskipulagi Arnarnesvegar, 3. áfanga.

Vísað er til tölvubréfs skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar dags. 28. janúar 2022 þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) um tillögu að deiliskipulagi Arnarnesvegar, 3. áfanga. HER hefur farið yfir tillöguna og þau gögn sem henni fylgja og gerir eftirfarandi umsögn.

HER telur að betur þurfi að gera grein fyrir hljóðvist í tillögunni. Í kafla 4.2.3. um hljóðstig í greinargerð segir að Arnarnesvegur komi til með að hafa lítil áhrif á hljóðvist. Mótvægisáðgerðir felast m.a. í hækkun hljóðmana, byggingu hljóðveggja og því að lækka veginn. HER bendir á að þó reistir séu veggir og manir hækkaðar getur hávaði borist að efri hæðum húsa ef hljóðvarnir eru ekki nógu nálægt veginum. Miðað er við hljóðstig í 2 m hæð en æskilegt væri að meta hljóðstig á efri hæðum húsa líka. Ekki er gert ráð fyrir hávaðavörnum á brú yfir Breiðholtiðsbraut og getur því hávaði þaðan borist óhindrað að íbúðarbyggð í Breiðholti og á útivistarsvæði þar. Meta þyrfti áhrif þessa. Veggur í slaufu í framhaldi brúar er 1,5 m og skv. hljóðvistarútreikningum mun hljóðstig vera innan marka við slaufuna. HER telur mögulegt að hávaði geti borist frá þeirri akrein sem liggur fjær veggnum og meta þurfi þau áhrif.

Hvorki er gert ráð fyrir hljóðmön við Breiðholtiðsbraut né Arnarnesveg þar sem veginnir liggja við Vetrargarðinn. Æskilegt hefði verið að gera ráð fyrir slíkum vörnum þó ekki séu til hávaðamörk fyrir útivistarsvæði þar sem tilkoma Arnarnesvegar á þessum stað og aukin umferð um Breiðholtiðsbraut vegna uppbyggingar kemur til með að hafa áhrif á upplifun fólks sem sækir útivist á svæðinu. Vænta má þess að börn og unglingar verði meðal helstu notenda útivistarsvæðisins og þarf að hafa í huga að börn eru viðkvæmari fyrir hávaða en fullorðnir.

Í kafla 4.2.4. um loftmengun er talað um að svifryksmengun muni aukast með tilkomu Arnarnesvegar en vegna landfræðilegra aðstæðna sé mögulega minni uppsöfnun á svifryksögnum. HER bendir á að aukin umferð leiðir einnig til meiri niturdíoxíðsmengunar en dreifing þeirrar mengunar er öðruvísi en svifryks enda um gastegund að ræða. Æskilegt hefði verið að leggja fram spá um dreifingu loftmengunar miðað sem tekur til helstu mengunarvalda frá bílaumferð. Benda má á að viðmiðunarmörk fyrir loftmengandi efni hafa tekið breytingum síðan að umhverfismat fyrir Arnarnesveg kom út árið 2003. Mælt er með því í kaflanum að borgin komi fyrir loftgæðamælistöð til að meta áhrif vegarins á loftgæði á útivistarsvæðinu Vetrargarðinum. HER bendir á að meta þarf samlegðaráhrif Arnarnesvegar og Breiðholtiðsbrautar. HER telur ekki raunhæft að lagt yrði í að reka sérstaka mælistöð á þessum stað. HER er með tvær færanlegar mælistöðvar sem fluttar eru milli staða í borginni á 1-2 ára fresti til að gefa sem besta mynd af loftgæðum á mismunandi svæðum í borginni.



Reykjavíkurborg

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Ekki væri unnt að koma annarri stöðinni varanlega fyrir á þessum stað þar sem slíkt myndi skerða þjónustu við önnur svæði. Aftur á móti væri hægt að koma upp einfaldari snjallmælum sem geta vaktað loftgæðin. HER telur í ljósi þess viðkvæma hóps sem svæðið sækir sé nauðsynlegt að gerð sé áætlun um mótvægisáðgerðir til að bregðast við ef loftgæði verða léleg á svæðinu vegna útblásturs bíla og svifryksmyndunar frá umferðinni.

HER bendir loks á að undir liðnum loftmengun í töflu 1 á bls. 17 í greinargerð er aðeins vísað í reglugerð nr. 798/1999 um loftgæði, rétt væri að vísa einnig til reglugerðar nr. 920/2016 um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmsloftinu, styrk ósons við yfirborð jarðar og um upplýsingar til almennings.

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Helgi Guðjónsson
Heilbrigðisfulltrúi

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026

USK Skipulag

Frá: Elísabet RakeL <ellyrakeL@gmail.com>
Sent: mánudagur, 10. janúar 2022 20:37
Til: USK Skipulag; skipulag@kopavogur.is
Efni: Arnarnesvegur, 3. áfangi athugasemd

Góðan dag,

Ég er íbúi í Kópavogi og var að fréttu að nýr kafli Arnarnesvegar niður á Breiðholtsbraut eigi að vera með umferðarljósum í stað mislægra gatnamóta. Þetta þykir mér vöndar fréttir. Mislæg gatnamót eru mun betri varðandi öryggi, umhverfi og flæði umferðar.

Ég vona sannarlega að þið hlustið á þá sérfræðinga sem hafa bent á þetta.

Með bestu kveðju,
Elísabet RakeL Sigurðardóttir

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026

USK Skipulag

Frá: Ívar Örn Lárusson <ivar.orn.larusson@gmail.com>
Sent: þriðjudagur, 1. mars 2022 09:48
Til: USK Skipulag
Efni: Fwd: Tillaga að nýju deiliskipulagi Arnarnesvegur

----- Forwarded message -----

From: **Ívar Örn Lárusson** <ivar.orn.larusson@gmail.com>
Date: Tue, Mar 1, 2022 at 9:46 AM
Subject: Tillaga að nýju deiliskipulagi Arnarnesvegur
To: Skipulag <skipulag@kopavogur.is>

Góðan dag.

Finnst ótrúlega illa farið með peninga, landrými og tíma allra íbúa sem um þetta svæði fara að búa til mislæg gatnamót sem skilja samt eftir umferðarljós.

Ef vísitandi á að tefja umferð, leyfið þá bara núverandi umferðaljósum að vera og spörum peninga.

Ef við hinsvegar viljum bæta samgöngur (sem ég vil og styð) látum þessi mislægu gatnamót þá verða með þeim hætti að þau fjarlægi umferðarljósinn og verði skilvirk. Það er ekkert sérlega flókið í útfærslu þarna.

Kv. Ívar
180285-2969

Íbúi á Sunnubraut 30 í Kópavogi, sem hef áhuga á að nota Arnarnesveginn sem leið austur úr borginni þegar hann verður kláraður.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026

USK Skipulag

Frá: Ríkarður Sigmundsson <rikki@rsimport.is>
Sent: fimmtudagur, 3. mars 2022 21:56
Til: USK Skipulag; skipulag@kopavogur.is
Efni: Arnarnesvegur
Viðhengi: 7DA8440C-366F-41B1-9211-3488BBF00428_1_102_a.jpeg

Ágætu viðtakendur,

Ég finn ekki út hvar ég á að senda athugasemd við deiliskipulag Arnarnesvegar. Ég sendi þetta því hingað og þið látið vita ef ég þarf að senda þetta annað.

1: Ég get ómögulega sætt mig við þær breytingar á mislægum gatnamótum við Breiðholtsbraut sem Reykjavíkurborg hefur staðið fyrir til að minka umfang þeirra. Ég geri mér grein fyrir að verið er að reyna að draga úr umfangi mannvirkja eins og fyrr segir en að setja ljósaðstýringu við Breiðholtsbraut er mjög vondur kostur að mínu mati. Á fundinum í dag, 3 mars, var sagt að ekki væri hægt að hafa hringtorg vegna hæðarinnar. Ég skil það nú ekki því bæði er hringtorg í svipaðri hæð við Rauðavatn og einnig er hringtorg á skipulaginu á þessum síðasta vegkafla Arnarnesvegar til að tengja Vatnsendaveg við Arnarnesveg, í meiri hæð en Breiðholtsbraut liggur. Ég set í viðhengi mynd með teiknaðri aðrein frá Arnarnesvegi niður á Breiðholtsbraut til austurs að Suðurlandsvegi, væri ekki hægt að leysa þetta vandamál svona? Umferð í átt að Suðurlandsvegi fer niður til austurs áður en brúin fer yfir Breiðholtsbraut, þeir sem ætla til vesturs, í gegnum Breiðholtið fara yfir brúnnu og beygja beint inn á með aðrein í þá átt... Umferð inn á Arnarnesveg frá Breiðholti fer svo eins, á frárein frá Breiðholtsbraut og upp á Arnarnesveg.

2: Eins og þekkt er þá er gríðarlegt umferðarálag í gegnum Vatnsendahvarf. Ég óska eftir því að aðgerðum við Arnarnesveg verði stýrt þannig að byrjað verði á verkefninu við Breiðholtsbraut þannig að sem fyrst verði hægt að tengja Vatnsendaveg við brúnnu og minnka þannig álag við Vatnsendahvarf. Ef brúarsmiðin og jarðvegsframkvæmdir skarast ekki þá ætti þetta ekki að skipta máli ef það flýtir fyrir að byrja við Breiðholtsbraut þá skiptir þetta máli.

3: Til Kópavogsbæjar – Mikil vandræði skapast þegar umferð fer frá efri hæð Ögurhvarfs 2, þar sem Skalli er með sinn álagstíma á matmálistímum og nú þegar Fornbílaklúbburinn er að koma sér þarna fyrir þá munu margir fara í einu eftir lok funda og skapast þá mikil umferðavandræði. Mér hefur fundist lengi að Kópavogsbær ætti að koma fyrir litlu hringtorgi (snúningstorgi) í Ögurhvarfinu einhversstaðar og banna vinstri beygju af efra bílastæðinu við Ögurhvarf 2. Þá beygja allir niður götuna, taka snúning og aftur upp að ljósunum. Þannig annar gatan mun betur þegar mikil traffík er frá þessu bílastæði á stuttum tíma. Einnig þarf að taka ljósaðstýringuna og koma fyrir hringtorgi, eða í besta falli að uppfæra stjórn tölvuna svo hún geti notað skynjarana sem eru í götunni þannig að fólk þurfi ekki að bíða endalaust á rauðu ljósi þegar eingin er umferðin. Svo er hægt að hafa tímastýringu á annatímum kvölds og morgna.

Ég óska eftir viðbrögðum (skýringum) við þessum athugasemdum mínum.

Með kveðju / With best regards,


Ríkarður Sigmundsson
Framkvæmdastjóri / General Manager

Garmin Búðin / RS Import ehf.

Ögurhvarf 2 – 203 Kópavogur – Iceland – Kt: 540100-5270

Tel: [+354 577 6000](tel:+3545776000) – GSM: [+354 898 8141](tel:+3548988141)

eMail: rikki@rsimport.is Web: www.garmin.is



From: Vally Helgadóttir <vally_helgadóttir@yahoo.com>
Reply to: Vally Helgadóttir <vally_helgadóttir@yahoo.com>
Date: Friday, 4 March 2022 at 21:27
To: Pawel Bartoszek <Pawel.Bartoszek@reykjavik.is>
Subject: Deiliskipulag Arnarnesvegar - Ákall um aðstoð

Sæll Pawel,

Ég mætti á "opin" fundur í streymi sem haldin var á Facebook vegna fyrirhugaða framkvæmda á Vatnsendahvarfi í gær. Ég ásamt öðrum sótti þann fund með von um skýrari svör frá fulltrúum Reykjavíkur og Kópavogs um fyrirhugaðar framkvæmdir.

Í stuttu máli þá olli "fundurinn" mér gríðalegum vonbrigðum.

- Það hamlaði mjög samskiptum, spurningum og svörum, að allar fyrirspurnir þurftu að berast skriflega fyrir fund, eða í kommentakerfi FB meðan á fundi stóð.
- Fundarstjóri sá ekki til þess að öllum fyrirspurnum var svarað.
- Fundur átti að standa yfir í 60 mín, frá kl 17 til kl 18, en lauk kl 17:40.
- Engar tilvísanir voru í gögn/rannsóknir frá fulltrúum Reykjavíkurborgar né Kópavogs.
 - T.d. sagði fulltrúi Kópavogs að "viðbragðstími neyðarþjónustu væri óviðunandi" í þessum hluta höfuðborgarsvæðisins. Engar gögn fylgdu þeirri staðhæfingu.
 - Fulltrúi Reykjavíkur sagði að það yrði hávaði á svæðinu, þegar inntur eftir nálægð við Vetrargarðinn, enda væri þar akandi umferð. Engir vísindaleg gögnum um desíbel (dB) mv áætlaðan umferðarþunga fylgdu máli.
- Fulltrúar gátu ekki svarað því hvernig upplýsingagjöf hafi verið háttað til íbúa Breiðholts.
- Fulltrúar frá bæjarfélögunum og Vegagerðinni svöruðu ekki spurningum um fyrirhugaðar sprengingar vegna framkvæmdanna og hvort komið yrði móts við þá sem búa nálægt fyrirhuguðum vegakafla.
- Fulltrúar svöruðu ekki spurningum um hvernig yrði framkvæmdum háttað, þ.e. hvorn megin yrði byrjað.
- Fulltrúar svöruðu ekki fyrirspurnum um Breiðholtsbrautina, sem er löngu sprungin!
- Fulltrúar svöruðu ekki spurningum hvort hægt væri að setja veginn í göng, kostnaður er rokinn upp úr öllu valdi eða 5 miljarða króna nú þegar!
- Fulltrúar gátu ekki svarað því hve mikil mengun yrði á svæðinu.
- Fulltrúar upplýstu að 19 ára gamalt umhverfismat mundi ekki standa í veg fyrir því að framkvæmdir mundu hefjast!

- Fulltrúar neituðu því að fyrirhugaðar framkvæmdir við Arnarnesveg mundu hafa skaðleg áhrif á Vetrargarðinn sem er á deiliskipulagi höfuðborgarinnar. Hvernig má það vera?

Fundi lauk með því að fulltrúar upplýstu okkur um að það væri hægt að senda inn athugasemdir vegna framkvæmdanna til 11. mars, framkvæmdir mundu svo hefjast í haust.

Ég bið þig um að gefa okkur í Breiðholtinu tækifæri til þess að ræða við fulltrúa til þess að skilja betur nauðsyn þessa framkvæmda. Hvernig má það t.d. vera að fulltrúi Kópavogs talaði lítið um fyrirhugaða byggingu 4.000 íbúða á þessu svæði sem drifkraft fyrir því að vegurinn færi upp sem fyrst? Hvernig má það vera að fulltrúar segja Slökkvuliðið vera "þvinga" sveitarfélögin að byggja þennan veg? Hvernig má það vera að íbúar í Fellunum, sem verða líklega mest fyrir barðinu á þessum framkvæmdum, hafa ekki fengið að koma að málinu? Getur það verið að þeir sem þar búa eru margir nýbúar, nú eða hafa hvorki þekkingu, né getu, að leita sér upplýsingar um þessar framkvæmdir á samfélagsmiðlum?

Á þeim tímum þar sem nálægðar þjóðir gera allt til þess að vernda grænu svæðin innan þéttbýlis þá erum við að eyða okkar perlum. Þessi framkvæmd, sem fyrirhuguð er, er óendurkræft umhverfisslys, tímaskekkja og okkur til skammar. Vatnsendahvarfið er útivistarparadís og hér til gamans deili ég tveimur nýlegum myndum frá skíðabrekkunni okkar.

Með von um aðstoð.

Kv
Valgerður Helgadóttir
Kjósandi Breiðholtsvillingur
Klyfjasel 18, 109 RVK



Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026



USK Skipulag

Frá: Elísabet Jónsdóttir <jtebasile@gmail.com>
Sent: þriðjudagur, 8. mars 2022 09:21
Til: USK Skipulag
Efni: Umsögn um 3. áfanga arnarnesvegar

Góðan dag,

mér þykir mjög athugavert að þessi framkvæmd megi yfir höfuð fara í gang án þess að nýtt umhverfismat sé gert, enda er það gamla frá árinu 2003. Mér þykir forkastanlegt að hægt sé að sleppa því að gera nýtt umhverfismat vegna þess tæknilega atriðis að frakvæmdir hafi í rauninni hafist 2004. Þetta er glufa í lögunum sem verið er að nýta og mun umhverfið í nágrenni fyrirhugaðs vegar þurfa að líða fyrir það um ókomna tíð. Það er ólíðandi.

Sem íbúi í Jórusei, mun þessi vegaframkvæmd hefta möguleika mína til útivistar í óspilltri náttúru, enda vatnsendahæðin útivistarsvæði sem ég nýti mér á hverjum einasta degi. Ég er alls ekki ein um það, en svæðið er vinsælt útivistarsvæði íbúa í kring, enda fallett með eindæmum og útsýni yfir borgina einstakt. Þær mótvægisáðgerðir sem um hefur verið rætt ná engan veginn að bæta upp fyrir það sem mun tapast með þessari framkvæmd. Mér finnst hugmyndin um vistlok ekki vera slæm en það er bara alls ekki nóg. Í fyrsta lagi hef ég ekki mikla trú á að þau verði gerð og í öðru lagi, hvers vegna er þá ekki bara hægt að hafa allan veginn yfirbyggðan? Auk þess sem á undan hefur verið sagt þá hafa íbúar Kópavogs viðrað áhyggjur um þá auknu umferð sem mun fara um veginn allan að þessum framkvæmdum loknum, en hann liggur framhjá leiksvæðum barna og því mun fylgja mengun, sem vitað er að hefur mun neikvæðari áhrif á heilsu barna en fullorðinna. Það sama má segja um vetrargarðinn. Ég krefst þess að farið verði fram á nýtt umhverfismat áður en framkvæmdir hefjast.

Kv.
Elísabet Guðrúnar Jónsdóttir

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026

USK Skipulag

Frá: Kristján Jónsson <kristjanjonsson@gmail.com>
Sent: þriðjudagur, 8. mars 2022 21:09
Til: USK Skipulag; skipulag@kopavogur.is
Efni: Athugasemd við Arnarnesveg vegna ljósastýrðra gatnamóta.

Sæl.

Ég er með athugasemd við legu gatnamóta Breiðholtsbrautar og Arnarnesvegar í drögum að nýjum Arnarnesvegi.

Hefur verið reiknað út hversu mikill biðtími verður fyrir bíla sem aka austur Breiðholtsbraut og ætla sér að keyra suður hinn nýja Arnarnesveg eða að fara inn í Vatnsendahverfið? Sama athugasemd er hversu mikill biðtími verður fyrir bíla sem eru að koma norður Arnarnesveg og ætla að keyra annað hvort austur eða vestur Breiðholtsbraut? Það liggur í hlutarins eðli að biðraðir hljóta að verða mjög langar á báðum þessum vegum á álagstímum. Með þessum ljósastýrðu gatnamótum hlýtur að verða gríðarleg umferðartöf sem vegurinn á frekar að leysa en búa til. Er einhversstaðar hægt að sjá hermílikön af áætlaðri umferð og hversu langar biðraðir verða á álagstímum?

Ég og börnin mín eru mikið skíðafólk og ég skil mjög vel að þörfin á skíðabrekku í Vetrargarðinum er mikil og myndi ég alls ekki vilja að skíðabrekkan sjálf myndi minnka eða hverfa. Hins vegar tel ég að með landsvæði sem myndi fara undir aðrein að Arnarnesvegi ásamt slaufu til að bílar komist austur Breiðholtsbraut myndu mjög seint verða notuð undir Vetrargarð. Tel ég að notkun á þessu landsvæði sé ásættanlegur fórnarkostnaður til að liðka fyrir umferð og minnka mengun ásamt því að vera mjög hagstæð ákvörðun í þjóðhagslegu tilliti. Þetta er í raun lítill þríhyrningur sem ég sé ekki að verði nokkurn tímann notaður fyrir vetrargarð. Það væri mun betra að nota landsvæði í Ártúnsbrekkunni undir vetrargarð.

Með því að skoða myndirnar hér að neðan þá má einnig sjá að áætluð landnotkun á miðlægum gatnamótum fyrir norðan Breiðholtsbraut eru sambærilegar og ættu að skipta litlu máli hvor leiðin er farin fyrir nokkrar íbúðir sem eru næst þessum mannvirkjum.

Í raun þá finnst mér þessi útfærsla með ljósastýrðum gatnamótum vera hálf galin og myndi mjög gjarnan vilja sjá nánari útlistun á hermílikani á biðtíma á álagstímum þegar fólk er að fara til og frá vinnu. Ekki nema að ástæðan sé að auka á tafir og tefja bílaumferð, þá virðist þessi tillaga smellpassa.

Kveðja, Kristján Jónsson, Fákahvarfi 18, 203 Kópavogi.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026



Úr matsskýrslu

USK Skipulag

Frá: Bjarni Gunnarsson <bjarni@HNIT.is>
Sent: fimmtudagur, 10. mars 2022 15:00
Til: USK Skipulag; skipulag@kopavogur.is
Afrit: skipulag@skipulag.is; srn@srn.is; irn@irn.is; Vilhjálmur Árnason
Efni: Athugasemdir er varða deiliskipulag gatnamóta Arnarnesvegur og Breiðholtsbrautar

Góðan daginn.

Undirritaður/Bjarni Gunnarsson gerir hér athugasemdir við breytingar á deiliskipulagi við fyrirhuguð gatnamót Arnarnesvegur og Breiðholtsbrautar.

Athugasemdir ganga út á að forsendur breytinga deiliskipulagsins séu rangar á flesta vegu þar sem að breyting umræddra gatnamóta úr mislægum í ljósastrýð er vanhugsuð og alls ekki í takt við áherslur í samgönguframkvæmdum, að auka umferðaröryggi og umferðarflæði. Um það og fleira fjalla ég hér neðar. Og þar sem breytt deiliskipulag gerir það að verkum að ekki verður hægt að byggja mislæg gatnamót eins og samþykkt var í mati á umhverfisáhrifum árið 2003, er gerð sérstök athugasemd við það.

Vegagerðin, Reykjavíkurborg, Samgöngusáttmálinn og samgönguáætlun setja aukið umferðaröryggi og aukið umferðarflæði í fyrsta sætið þegar hugað er að nýjum samgönguframkvæmdum.

Þess vegna er það óskiljanlegt að núna þegar ráðast á í eitt af fyrstu verkefnum Samgöngusáttmálans er útfærslu gatnamóta Arnarnesvegur og Breiðholtsbrautar breytt frá því sem var samþykkt í mati á umhverfisáhrifum árið 2003. Breytingin felst í því að hætta við mislæg gatnamót eins og Vegagerðin lagði til í matinu 2003 og byggja í staðinn ljósastrýð gatnamót sem Vegagerðin taldi árið 2003 að ekki kæmu til greina.

Þessi breyting hefur í för með sér eftirfarandi :

- Fleiri umferðarslys
- Meira eignatjón
- Minni afkastageta gatnamótanna
- Meiri umferðartafir
- Lengri akstursleiðir
- Meiri loftmengun
- Meiri umferðarhávaða við Nönnufell og Suðurfell
- Stærri mannvirki (fjögurra akreina brú í staðinn fyrir 2ja akreina)
- Breiðari rampi við Suðurfell (fjórar akreinar í staðinn fyrir tvær)
- Litla breytingu á framkvæmdakostnaði

Ef horft er á afleiðingar breytingarinnar sést að þær eru þvert á öll framsett markmið samgönguframkvæmda.

Rífjum aðeins upp hvernig mat umhverfisáhrifa var afgreitt árið 2003. Þar kom fram að Reykjavíkurborg mótmælti útfærslu mislægra gatnamóta vegna þess að rampi (2 akreinar) gatnamótanna kæmi of nálægt byggð við Suðurfell og Nönnufell. Síðan þá hefur Reykjavíkurborg komið í veg fyrir að gatnamótin færu í endanlega hönnun og farið fram á að þarna yrðu ljósagatnamót þvert á skoðun Vegagerðarinnar.

Þrýstingurinn á að klára Arnarnesveginn og þar með gatnamót hans við Breiðholtsbraut var að lokum svo mikill að Vegagerðin lét undan stjórnendum Borgarinnar og lagði fram tillögu um ljósastrýð gatnamót.

Og það merkilega við þessa nýju útfærslu er að meðal breytinga er að við Nönnufell og Suðurfell kemur fjögurra akreina rampi (í staðinn fyrir 2 akreinar) með tvöfalda umferð saman borið við mislægu útfærsluna. Hvað er þá orðið um mótmælin frá 2003 um nálægð rampans við Nönnufell?

Víkjum þá að Vegagerðinni sem nauðbeygð sendir erindi til Skipulagsstofnunar og fer fram á að ekki þurfi að gera nýtt mat á umhverfisáhrifum þrátt fyrir þessa miklu breytingu á útfærslu gatnamótanna og að nú eigi að byggja gatnamót sem ekki komu til greina í matinu 2003.

Vegagerðin útlistar í erindi sínu að breytingin í ljósagatnamót feli í sér litlar breytingar og þá aðallega fjallað um litla breytingu á hljóðvist. Þá er tekið fram að umferðarmannvirki verði umfangsminni sem er auðvitað vitleysa, fjögurra akreina brú er næstum tvöfalt stærra mannvirki heldur en 2ja akreina brú.

Vegagerðin á að gera umferðaröryggismat fyrir fyrirhugaðar samgöngubætur og var það gert vegna breytingar umræddra gatnamóta. Slíkt umferðaröryggismat á að vera grundvöllur þess þegar besti valkostur er valinn af Vegagerðinni og lagður fram í mati á umhverfisáhrifum.

Umferðaröryggismat breytingarinnar (dags. jan. 2021) telur breytinguna slæma og í niðurstöðum þess segir :

"Niðurstöður rýnihópsins er að mislæg gatnamót séu mun betri m.t.t. umferðaröryggis. Sú lausn að aðskilja akstursstefnur, losna við stöðvun umferðar á umferðarljósum og engar vinstri beygjur þar sem þvera þarf gagnstæða umferðarstrauma felur í sér mun öruggari umferðarmannvirki." Þessi niðurstaða umferðaröryggismatsins virðist hundsúð af Vegagerðinni sjálfri og er ekki kynnt fyrir Skipulagsstofnun þegar Vegagerðin sendir sitt erindi um að ekki þurfi að gera nýtt mat á umhverfisáhrifum gatnamótanna. Og ekki kynnir Vegagerðin Skipulagsstofnun þær neikvæðu breytingar sem upp eru taldar hér á undan þegar gatnamótin verða ljósastýrð.

Og þá er það Skipulagsstofnun sem fær ófullnægjandi gögn frá Vegagerðinni eins og komið hefur fram.

Skipulagsstofnun étur það upp eftir Vegagerðinni að um litlar breytingar sé að ræða og telur ekki þörf á nýju mati á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun notar málsgrein 2 í 12. grein laga um mat á umhverfisáhrifum til að úrskurða um að ekki þurfi að gera nýtt mat, en þar segir *"að Skipulagsstofnun geti ákveðið að endurskoða skuli matsskýrslu framkvæmdaraðila samkvæmt 1. mgr. ef forsendur hafa breyst verulega frá því að álitid lá fyrir, svo sem vegna breytinga á náttúrufari eða landnotkun á áhrifasvæði framkvæmdarinnar, breytinga á löggjöf um umhverfismál, breyting á alþjóðlegum skuldbindingum eða vegna tæknipróunar varðandi framkvæmdina."*

Að nota þessa lagagrein til að úrskurða að nýtt mat sé óþarfi stenst ekki, hún fjallar ekkert um það þegar um gjörbreytta framkvæmd er að ræða, þ.e. að byggja ljósastýrð gatnamót sem komu ekki til greina í matinu 2003 í staðinn fyrir mislæg gatnamót. Og ekki er Skipulagsstofnun að spyrja Vegagerðina hvaða áhrif breytingin hefur á umferðina, ný gatnamót snúast jú um að þau séu örugg og hafi gott umferðarflæði.

Ég hef verið í sambandi við Vegagerðina, Skipulagsstofnun, Samgöngustofu, Kópavogsbæ, FÍB og Samgönguráðuneytið um þessa skelfilegu breytingu gatnamótanna án árangurs og benda aðilar oft hver á annan og að þarna sé komið á samkomulag sem ekki þurfi að breyta. Líklega eru allir hræddir við að framkvæmdir tefjist ef hreyft er við samkomulaginu.

Að lokum bendi ég á að þessi nýju ljósagatnamót verða mjög lík núverandi gatnamótum Bústaðavegar og Reykjanesbrautar sem allir eru sammála um að séu hættuleg og umferðarþung og er í undirbúningi að breyta þeim, vonandi til batnaðar en ekki eins og er að gerast við gatnamót Arnarnesvegar og Breiðholtsbrautar þar sem allt breytist til verri vegar.

Samantekið í stuttu máli. Reykjavíkurborg tefur lausn málsins vegna 2ja akreina rampa við Nönnufell og endar á því að þröngva fram lausn með fjögurra akreina rampa við Nönnufell, Vegagerðin gefst upp með sína útfærslu á mislægum gatnamótum og leggur til lausn sem kom ekki til greina áður og Skipulagsstofnun tekur við ófullnægjandi upplýsingum frá Vegagerðinni og túlkar svo lög um mat á umhverfisáhrifum á rangan hátt til að hleypa þessum skelfilegu breytingum gatnamótanna í gegnum kerfið.

Virðingarfyllt,

Bjarni Gunnarsson umferðarverkfræðingur, kt. 250748 4699

USK Skipulag

Frá: Helgi S. Ólafsson - VG <helgi.olafsson@vegagerdin.is>
Sent: fimmtudagur, 10. mars 2022 16:05
Til: USK Skipulag; skipulag@kopavogur.is
Efni: Arnarnesvegur 3. áfangi


Góðan dag.

Það leysir ekki vandamálið að færa ljósastýrð T-gatnamót til á Breiðholtsbraut, frá Vatnsendahvarfsvegi á nýjan Arnarnesveg.


Auðvelt er að sleppa ljósastýringu og leysa málið með mislægum gatnamótum án ljósastýringa.

Tvær lausnir koma betur til greina:

Lausn 1: Trompet. Sambærileg lausn er á gatnamótum Vesturlands- og Suðurlandsvegur.



Lausn 2: Mislægt hringtorg. Sambærileg lausn er á gatnamótum Reykjanesbrautar og Arnarnesvegur. Einnig á Vesturlandsvegi og Leirvogstungu í Mosfellsbæ.



Báðar þessar lausnir reynast mjög vel. Engin umferðarteppa og slysatíðni mjög lág.
 Alvarleg slys verða frekar á ljósastýrðum gatnamótum.
 Mælt er með að láta umferðaröryggið ráða för og að Arnarnesvegur 3. áfangi sé hannaður almennilega.

Kveðja,



Helgi S. Ólafsson

Verkfræðingur MSc
 Hönnunardeild brýr

hso@vegagerdin.is

Civil Engineer MSc
 Design Department Bridges

[+354 522 1230](tel:+3545221230)

Vegagerðin

Icelandic Road and
 Coastal Administration

Suðurlhraun 3, 210 Garðabæ
vegagerdin.is

Reykjavík, 10 mars 2022

Sent með tölvupósti á skipulag@reykjavik.is

Undirritaður vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við framlagða tillögu Reykjavíkurborgar að deiliskipulagi varðandi 3. áfanga Arnarnesvegar.

1. Vistlokasvæðið

Samkvæmt skýringum á teikningunni **“Arnarnesvegur 3. áfangi, Frá Rjúpnavegi að Breiðholtsbraut”**, þá er á teikningunni hér að neðan um að ræða veg, stofn- eða tengibraut. Þessi vegur liggur að stórum hluta nálægt húsagörðum í Jakaseli, og sveigist svo um græna svæðið milli Jakasels og Arnarnesvegar. Þessari legu vegarins er mótmælt. Bæði er um að ræða óþarfa skemmd á grænu svæði og svo er verið að beina, að líkindum, töluverðri umferð að íbúðahúsum í Jakaseli. Svo virðist að markmiðið sé að veita Kópavogsbúum aðgengi að Vetrargarðinum. Æskilegt væri þá að færa vistlokasvæðið lengra til austurs.



2. Hljóðstig

Í kafla 4.2.3 Hljóðstig í deiliskipulaginu, og í nýlegum kynningum er upplýst að hljóðstig hafi verið endurreiknað og að hljóðstig verði innan viðmiðunarmarka. Í kafla 4.2.3 er sagt frá breytingum á stórum hluta 3. áfanga Arnarnesvegarins til að svo megi vera:

- Hækkun hljóðmanar við Breiðholtsbrautinni
- Lækkun Arnarnesvegar við Lymskulág
- Hljóðvegg við nýja íbúðabyggðina á Vatnsendahæð

Hér virðast því vera um að ræða breytingar frá umhverfismati 2003. Hvergi kemur fram hvaða umferðarmagnstölum nú sé gengið út frá. Fer ég fram á að þessar tölur verði gerðar opinberar.

3. Loftmengun

Svifryksmengun hefur verið vaxandi vandamál í Reykjavík. Skýrsluhöfundar kjósa að leggja ekkert mat á líklegt magn svifryks, en leggja til að Reykjavíkurborg setji upp svifryksmæla og sjái svo til og **“...geta þá gripið til mótvægisáðgerða sé þess þörf.”** Ekki er tilgreint til hvaða mótvægisáðgerða væri hægt að grípa.

Þetta getur varla talist ásættanleg umfjöllun um svifryksmengun í íbúðahverfum. Ég geri athugasemd við að ekki sé lagt neitt mat á mögulega svifryksmengun, né til hvaða mótvægisáðgerða mögulega mætti grípa til.

3. Lausagöngusvæði fyrir hunda

Íbúar Seljahverfis hafa í allmörg ár nýtt sér hundasvæðið uppi á útvarpshæðinni í landi Kópavogs. Þetta svæði fer von bráðar undir byggingaframkvæmdir. Farið er fram á að Reykjavíkurborg leggi til afgirt svæði fyrir lausagöngu hunda, til að mæta þörfum hundaeigenda í Seljahverfi, en hundum í hverfinu fer sífellt fjölgandi. Lögð er áhersla á að fagfólk verði með í ráðum við hönnun svæðisins.

4. Verjast skemmdum á grænum svæðum meðan á framkvæmdum stendur.

Þessi athugasemd kann að vera ótímabær, en fær samt að fylgja með.

Öll græn svæði Kópavogsmegin við Arnarnesvegin munu fara undir byggð, engin græn svæði verða eftir. Reykjavíkurborg ber því að fara fram á að sem minnstar vegaframkvæmdir verði unnar Reykjavíkurmegin frá, með það að markmiði að lágmarka skemmdir á grænu svæðunum sem eftir verða Reykjavíkurmegin við Arnarnesvegin.

Að lokum við ég taka heilshugar undir allar athugasemdir Vina Vatnsendahvarfs, dags. 10 mars 2022.

Virðingafyllst,

Guðbrandur Gimmel M.Sc. iðnaðarverkfr.

Jakaseli 14

109 Reykjavík

USK Skipulag

Frá: Sveinborg Hlíf Gunnarsdóttir <sveinborg.h.gunnarsdottir@isor.is>
Sent: föstudagur, 11. mars 2022 00:00
Til: USK Skipulag; skipulag@kopavogur.is
Efni: Mótmæli Arnarnesvegi

Ég sem íbúi í nágrenni við fyrirhugaða framkvæmd og sem nýti mér útivistarsvæðið á Vatnsendahvarfi mótmæli fyrirhuguðum vegaframkvæmdum 3. áfanga Arnarnesvegur.

Framkvæmdin eins og hún er skipulögð í dag mun eyðileggja eitt dýrmætasta græna svæði höfuðborgarsvæðisins. Framkvæmdin byggir á umhverfismati frá 2003 og hefur verið mótmælt kröftuglega á öllum skipulagsstigum af íbúum nágrennisins síðastliðin 40 ár. Framkvæmdin er tímaskekkja. Nýir tímar kalla á breyttar nálganir. Covid tíminn hefur kennt íbúum að meta gildi nærumhverfis, grænna svæða og heimavinnu. Loftslagsvandinn kallar á minni umferð ekki stærri götur.

Nýleg niðurstaða Skipulagsstofnunar um að ekki væri tæknilega þörf á nýju umhverfismat, vegna þess að talið er að byrjað hafi verið á framkvæmdinni 2004, er engan veginn í samræmi við umhverfissjónarmið og almennt siðferði. Besta útsýnigöngusvæði borgarinnar verður fórnað fyrir skammsýni

Auk þessa eru augljósir annmarkar á því að vetrargarður verði mögulegur með 4 akreina veg í bakgarðinum. Börn sem munu vilja nýta sér hann, sem og börn í Salaskóla eiga eftir að þurfa gjalda fyrir svifryk sem aukinni mengun fylgir.

Nýir tímar kalla á nýja nálgun. Eftir því óska ég sem íbúi í Jakaseli 8.

Virðingarfyllst,
Sveinborg H. Gunnarsdóttir
Jakaseli 8
Kt. 0808794749

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026



Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 10. mars, 2022

- Sent með tölvupósti á: skipulag@reykjavik.is

Athugasemdir vegna tillögu að deiliskipulagi Arnarnesveg

Við íbúar sem búum í nágrenni við fyrirhugaða framkvæmd og nýtum okkur útivistarsvæðið á Vatnsendahvarfi mótmælum fyrirhuguðum vegaframkvæmdum 3. áfanga Arnarnesveg. Framkvæmdin eins og hún er skipulögð í dag mun eyðileggja eitt dýrmætasta græna svæði höfuðborgarsvæðisins. Framkvæmdin byggir á umhverfismati frá 2003 og hefur verið mótmælt kröftuglega á öllum skipulagsstigum af íbúum nágrennisins síðastliðin 40 ár. Nýleg niðurstaða Skipulagsstofnunar um að ekki væri tæknilega þörf á nýju umhverfismat, vegna þess að talið er að byrjað hafi verið á framkvæmdinni 2004, er engan veginn í samræmi við umhverfissjónarmið og almennt siðferði.

Mikil hætta á aukinni svifryksmengun yfir Vetrargarð og nærliggjandi hverfi

Á síðustu 18 árum hefur höfuðborgarsvæðið breyst mikið og áherslur í umferðarmenningu hafa breyst verulega. Því er ljóst að umferðarlíkanið sem stuðst var við í upphaflega umhverfismatinu er orðið úrelt og þarfnast ítarlegrar endurskoðunar.

Í deiliskipulaginu kemur fram að ekki sé áætlað að gera nýtt umhverfismat en þó er viðurkennt í tillögunni að umferð verði langt umfram það sem var áætlað í umhverfismatinu frá 2003, og ekki sé vitað hversu mikil svifryksmengun verði frá veginum. "Við greiningarvinnu gatnamótaútfærslna við Arnarnesveg og Breiðholtsbraut vann VSÓ Ráðgjöf, árið 2020, umferðarspá fyrir Vegagerðina. Samkvæmt spá VSÓ má gera ráð fyrir verulegri umferð um svæðið, bæði um gatnamót Vatnsendavegar og Arnarnesveg. Gert er ráð fyrir mun meiri umferð en í fyrri athugunum fyrir Arnarnesveg, sem má rekja til þess að skipulagsáform geri nú ráð fyrir mun meiri uppbyggingu á svæðinu en gert var áður."


Stofnbrautir á höfuðborgarsvæðinu mælast iðulega yfir lögbundin heilsuverndarmörk svifryks. Á gráum dögum vilja sérfræðingar í loftmengun að börn haldi sig fjarri stofnbrautum og að allir haldi sig frá líkamlegri áreynslu við stofnbrautir. Reykjavíkurborg er með stórar áætlanir fyrir Vetrargarð fyrir íbúa Reykjavíkur og nágrennis, við skíðabrekkuna í Jafnaseli. Varla getur það talist viðsættanlegt að leggja allt

að 4 akreina stofnbraut, með tvöföldu hringtorgi, alveg upp við leik- og útivistarsvæði barna. Eins og vegirnir í kring eru skipulagðir í dag þá er víst að Vetrargarðurinn verður á horninu á samtals 10 akreina stofnbrautum. Mikil hættu er á því að svifryksmengun fari yfir hættumörk á þessu svæði á gráum dögum, sem myndi breyta Vetrargarðinum í ónothæft hættusvæði og ógn við lýðheilsu barna og fullorðinna. Mikill umferðarpungi er nú þegar á Breiðholtsbrautinni og endurmeta þarf því áhrif af viðbótarumferðarpunga Arnarnesvegarins.

Umferð um Arnarnesveg verður langt umfram umhverfismat

Í matsskyldufyrirspurn frá Vegagerðinni, sem unnin var af Verkfræðistofunni Eflu, kom fram að einungis væri gert ráð fyrir 12.000 bifreiðum árið 2024 og 13.500 bifreiðum árið 2030 á þessum 3. áfanga Arnarnesvegar. Til samanburðar er gert ráð fyrir að umferð um Vatnsendaveg verði 16.000 bifreiðar á sólarhring árið 2024 og 17.500 bifreiðar á sólarhring árið 2030. Í ljósi þess að Arnarnesvegur er hannaður sem þjóðvegur í þéttbýli og stofnbraut þá eru þessar tölur greinilega verulega vanmetnar.

Í nýrri umferðarspá sem VSÓ gerði fyrir deiliskipulag Kópavogs er gert ráð fyrir allt að 16.500 bifreiðum upp úr árinu 2031 um Arnarnesveg. Skv. þessari spá verður vegurinn því strax upp úr 2031 búinn að sprengja viðmið í umhverfismati sem er 9.000 til 15.000 bifreiðar.



Þó Vegagerðin segi að áætlað sé að 3. áfanga Arnarnesvegar verði í byrjun 2 akreinar þá verður sprengt fyrir fjórum akreinum, eða 50 metra breiðri gjá þvert í gegnum hæðina. Einnig var gert ráð fyrir fjórum akreinum í 1. og 2. kafla Arnarnesvegar. Umferð 4 akreina stofnbrautar getur auðveldlega farið upp í 55.000 bifreiðar á sólarhring og er það nær fjórfalt hámark umferðar í umhverfismatinu.

Ekki virðist heldur hafa verið gert ráð fyrir aukinni umferð vegna fyrirhugaðrar Vorbrautar sem á að tengja við Arnarnesveg í spá hér að ofan. Þar er gert ráð fyrir umferð 8.000-9.000 bifreiða. Þann veg á að leggja í stökk til að vernda umhverfi og íbúa.

Umferðin á fyrsta áfanga Arnarnesvegar hefur nú þegar náð neðri mörkum umferðar í matinu og hefur Vegagerðin því varla heimild til frekari stórframkvæmda. Þar sem vegurinn er áætlaður sem stofnbraut, sem er m.a. ætlað að leiða umferð frá Reykjanesi yfir á Suðurland og öfugt, þá munu efri mörk umhverfismatsins verða yfirkeyrð mjög fljótlega eftir opnun þessa 3. kafla Arnarnesvegar og mögulega mun fyrr en spár gera ráð fyrir. Þegar Vegagerðin hefur verið spurð hvað muni gerast þegar umferð fer yfir hámark í umhverfismati þá hafa engin svör fengist. Þar sem það er ljóst að umferð um veginn mun verða mun meiri en áætlað var í upphaflegu umhverfismati, þá hljóta forsendur matsins að vera brostnar og nauðsynlegt að gera nýtt umhverfismat fyrir veginn.


Eyðilegging á dýrmætu grænu svæði

Það verður að endurmeta áhrif stórauðinnar umferðar með tilliti til mengunar, hljóðvistar og fleiri þátta, í návígi við fjölmenn íbúðahverfi, Vetrargarðinn og þessa vinsæla útivistarsvæðis sem Vatnsendahvarfið er. Ný hverfi í nánd við veginn hafa verið byggð eftir að umhverfismat var gert bæði í Breiðholti og Kópavogi og nauðsynlegt er að meta umhverfisáhrif og hljóðvist af veginum á þau hverfi. Vegagerðin hefur viðurkennt að ekki séu til útreikningar um hljóðvist af fyrirhuguðum Arnarnesvegi fyrir ný hverfi í grennd við veginn, þó svo þau telji að hljóðvist verði undir viðmiðunarmörkum. Það vantar því greinilega mikið af upplýsingum í upphaflega umhverfismatið sem nauðsynlegt er að afla til að hægt sé að taka upplýsta ákvörðun.


Vatnsendahvarfið, sem þessi 3. áfangi Arnarnesvegar á að liggja um, er mun grónara en fyrir 18 árum síðan og virði þess sem útivistarsvæðis mun meira. Þar vex fjölbreyttur gróður og ýmsar tegundir farfugla, eins og lóur, hrossagaukar og spóar, verpa þar á hverju ári. Þar sem nýtt umhverfismat hefur ekki verið gert hvernig er þá hægt að meta skaðann fyrir þessar fuglategundir sem eru að verða mjög sjaldgæfar innan höfuðborgarsvæðisins? Mikið rask yrði af framkvæmdunum ásamt stórfelldri eyðileggingu á villtri náttúru og dýrmætu grænu svæði, sem í raun ætti að vera eðlilegt framhald Elliðaárdals og því verndað á sama hátt.

Til samanburðar eru hér loftmyndir frá 2002 og svo frá 2019 úr Borgarvefsjá.

2002



2019



Dýr vegaframkvæmd sem leysir ekki vandamál heldur færir þau annað

Tenging Arnarnesvegar við Breiðholtsbraut er nú áætluð með ljósastryðum gatnamótum, en ekki mismögum eins og upphaflega umhverfismatið gerði ráð fyrir. Þessi gatnamót munu tefja verulega umferð inn og úr Breiðholti, sem liggur um Breiðholtsbraut. Mjög ólíklegt að vegurinn eins og hann er skipulagður í dag muni verða til þess að leysa núverandi umferðarvanda á Vatnsendavegi. Auk þess eru ljósastryð gatnamót, þ.e. Breiðholtsbrautar og Jaðarsels, 400 m vestan við fyrirhuguð vegamót, en þar hafa

myndast verulegar umferðartafir á álagstímum bæði til austurs og vesturs. Mikilvægt er að hafa í huga að þessi fjarlægð milli gatnamóta uppfyllir ekki veghönnunarreglur skv. upplýsingum frá Vegagerðinni.

Kostnaður við 3. kafla Arnarnesvegar hefur meira en tvöfaldast eftir að vegurinn var settur á samgönguáætlun, eða úr 1,5 milljörðum í 3,4 milljarða, plús 700 milljóna kr. sem fara í göngu- og hjólastíga meðfram veginum. Það er ljóst að þessi áætlun er hóflega reiknuð miðað við aðstæður í heiminum í dag og kostnaður líklegur til að hækka enn frekar.

Því er mikilvægt að benda á að aldrei virðist hafa komið til greina að grafa veginn í göng eða að minnsta kosti leggja í stokk til að bjarga náttúrunni á hæðinni. Mikið hefur þó verið talað um grænar áherslur, kolefnisjöfnun og mikilvægi þess að vernda náttúruna hjá sveitarfélögunum. Vegarkaflinn sem um ræðir í 3. áfanga Arnarnesvegar er 1,9 kílómetrar og yrði hæsti vegur höfuðborgarsvæðisins í u.þ.b. 130 metra hæð yfir sjávarmáli. Það fennir hratt í hverja einustu gjótu á hæðinni á veturna og því ljóst að kostnaður við að halda veginum greiðum gæti orðið gríðarlegur. Með því að grafa þennan vegakafla í göng væri hægt að vernda náttúruna og Vetrargarðinn, hlífa íbúum við mengun og hávaða, og minnka snjómokstur á veturna. Til viðmiðunar þá kostuðu Dýrafjarðargöng tæpa 9 milljarða, en þau göng eru 5,3 kílómetrar. Hér væri hægt að sýna í verki að "grænar áherslur" eru ekki bara innantómt orðagjálfur stjórnmálamanna og velja leiðir sem setja náttúru, umhverfi og lýðheilsu í forgang.

Arnarnesvegur mun hafa mjög neikvæð umhverfisáhrif

Það mun gríðarlegt ónæði hljóta af þessum framkvæmdum fyrir íbúa nágrennisins. Möguleiki er á að hús í nálægð við veginn muni skemmast vegna sprenginga og fleira. Hætta er á að verðgildi húsa í nágrenni við veginn muni falla. Framkvæmdir munu taka allt að ár eða lengur og allan þann tíma þurfa íbúar í nágrenni að búa við skert lífsgæði. Þetta verður að skoða betur og því er ekki hægt að byggja svona stórar framkvæmdir á umhverfismati sem er nær tveggja áratuga gamalt.

Við íbúar sem búum í grennd við framkvæmdina og nýtum okkur umrætt svæði til útivistar erum mjög ósammála úrskurði í umhverfismati frá 2003 um að lagning vegarins muni hafa óveruleg áhrif á umhverfi, hljóðvist og útivist. Við teljum alveg ljóst að framkvæmdin muni hafa verulega neikvæð áhrif á umhverfi, hljóðvist og útivist á svæðinu og gagnrýnum verklag aðilanna sem komust að niðurstöðu um annað. Það er vert að hafa í huga að verkfræðistofurnar sem vinna þessar skýrslur fyrir Vegagerðina koma ávallt með niðurstöður sem samræmast væntingum Vegagerðarinnar, enda ólíklegt að þessar verkfræðistofur fari að bíta höndina sem fæðir þær. Það er alveg ljóst að Vegagerðin og þessar verkfræðistofur virðast aldrei setja umhverfi og lífríki í fyrsta sætið.

Fjölmarginir íbúar nágrennisins hafa lýst yfir miklum áhyggjum vegna þessara vegaframkvæmda. Vegurinn eins og hann er skipulagður í dag er ekkert annað stórfelld og óafturkræf skipulagsmistök, og ógn við lýðheilsu íbúa. Umhverfis- og heilbrigðisráð Reykjavíkur, Íbúaráð Breiðholts og Vinir Kópavogs hafa kallað eftir því að nýtt umhverfismat verði gert fyrir þessa framkvæmd. Við tökum heilshugar undir það og teljum mikla þörf á endurgerð umhverfismatsins. Það þarf algjöra endurskoðun á þessari vegalagningu með

heildarmyndina í huga. Mikið hefur breyst varðandi áherslur í umhverfismálum og samgöngumátum á þessum áratugum sem nauðsynlegt er að taka með inn í myndina.

Virðingarfyllst,




Helga Kristín Gunnarsdóttir

Jóruseli 20, 109 RVK

vatnsendahvarf@gmail.com

vatnsendahvarf.is

facebook.com/groups/vatnsendahvarf



Jón Trausti Arason

Jóruseli 20, 109 RVK



Ólafur Dýrmundsson

Jóruseli 12, 109 RVK




Guðríður Sturludóttir

Jóruseli 14, 109 RVK




Valgerður Helgadóttir

Klyfjaseli 18, 109 RVK



Guðbjörg Björnsdóttir

Klyfjaseli 20, 109 RVK



Vilborg Jónsdóttir

Klyfjaseli 22, 109 RVK



Katrín Jónsdóttir
Klyfjaseli 18, 109 RVK



Helgi Sævar Helgason
Klyfjaseli 18, 109 RVK



Sigurlaug Jónsdóttir
Klyfjaseli 18, 109 RVK

USK Skipulag

Frá: Hjalti Atlason <hjalti.atlason@gmail.com>
Sent: fimmtudagur, 10. mars 2022 18:31
Til: USK Skipulag
Efni: Deiliskipulagi Arnarnesvegar 3. áfanga, athugasemd
Viðhengi: Arnarnesvegur 3. áfangi - deiliskipulag.pdf

Sæl

Meðfylgjandi er athugasemd á deiliskipulag Arnarnesvegar 3. áf.

Besta kveðja
Hjalti Atlason

Inngangur

Nú liggur fyrir til umsagnar deiliskipulag fyrir 3. áfanga Arnarnesvegjar sem er 2+2 stofnbraut og sem slík ávallt háð umhverfismati [4]. Athugasemdin snýr að því að Skipulagsstofnun er ekki heimilt að veita Vegagerðinni framkvæmdaleyfi fyrir 3. áf. Arnarnesvegjar enda hefur stofnbrautin einfaldlega ekki verið umhverfismetin.


Umferðarmagnið sem Vegagerðin umhverfismat Arnarnesveg 3. áf. út frá er töluvert minna en 1+1 vegur ber (sjá næsta kafla), sem þýðir að umhverfismat Arnarnesvegjar myndi ekki duga sem umhverfismat fyrir fullnýttan 1+1 veg. Það er útilokað að gefa Vegagerðinni framkvæmdaleyfi fyrir stofnbraut byggt á umhverfismati sem dugar ekki einu sinni til að ná utan um mengun af 1+1 vegi.

Vegagerðin verður að taka ábyrgð á sínu umhverfismati, ef hún vildi leggja stofnbraut þá gat hún sagt sér það sjálf að þá þarf að umhverfismeta miklu meiri umferð en hún gerði. Stuttir 1+1 vegir þurfa alla jafna ekki að fara í umhverfismat enda eru þeir út um allt í borgarlandinu og þannig hluti af því að búa í borg. Að umhverfismeta umferð sem er minni en 1+1 vegur getur borið er stóruandlegt allavega ef markmiðið var að fá framkvæmdaleyfi fyrir stofnbraut.

Ef ekki fæst framkvæmdaleyfi fyrir stofnbrautinni þá er þetta deiliskipulag fallið um sjálft sig.

Umferðarmagnið í umhverfismatinu sett í samhengi

Við umhverfismat Arnarnesvegjar ákvað Vegagerðin að nota umferðarmagn upp á 9.000 til 15.000 bíla á dag til að meta mengun. Stofnbraut í fullri notkun getur hins vegar náð 60.000 bílum á dag (sjá mynd 1) eða fjórfalt meira en Vegagerðin valdi sem efri mörk. 1+1 vegur í fullri notkun er síðan í um 20.000 bílum á dag (sjá mynd 1) eða 30% meira en efri mörkin.



Mynd 1. Tekin af vef Vegagerðarinnar "<https://umferd.vegagerdin.is/>" sýnir rauntölur fyrir umferð. Þar má sjá 1+1 veg í 19.500 bílum á dag síðan 2+2 stofnbraut í 59.000 bílum á dag.

Hafði þessi litla umferð áhrif á niðurstöður umhverfismatsins?

Vegna þessa litla umferðarpunga var hægt að segja um svifryk: *“bendir allt til þess að styrkur svifryks á Arnarnesvegi, þar sem bílaumferð verður um 9.000 til 15.000 bílar á sólarhring, verði vel undir umhverfismörkum[1] þegar horft er til umferðarálags”* (Umhverfismatið. bls 43).

Á öðrum stað segir *“Niðurstöður mælinga Hollustuverndar ríkisins á styrk svifryks við Miklubraut, þar sem bílaumferð er um 40.000 bílar á sólarhring, sýna að styrkur svifryks er rétt innan þeirra umhverfismarka sem getið er um í reglugerð 251/2002.”* (bls 43 umhverfismati).

Ef 40.000 bílar á dag eru rétt innan umhverfismarka svifryks, og stofnbraut ber 60.000 bíla á dag, þá ætti niðurstaðan að vera: Mikil hætta á því að umhverfismörk svifryks verði brotin af Arnarnesvegi, í stað þess að fullyrða að svifryk verði vel undir umhverfismörkum.

Svar: Já afgerandi áhrif.

Eru einhverjir sem treysta á núverandi umhverfismat til að vernda þá fyrir skaðlegum áhrifum Arnarnesvegjar?

Já börnin í Salaskóla. Í desember 2002 fór fram kynning í á umhverfismatinu í Salaskóla, en skólalóðin er í veglínu Arnarnesvegjar *“Skólalóð í Salahverfi og skíðabrekka í Seljahverfi liggja einnig upp að veglínu”* (bls 2. í umhverfismatinu).

Börn eru sérstaklega viðkvæm fyrir svifryki og hefur heilbrigðisstofnun Reykjavíkur varað við það að börn séu nálægt stofnbrautum á gráum dögum. Skólalóðin er á afar skjólsælum stað og líklega á skjólsælasta parti Arnarnesvegjar enda í dalbotni varin af tveim hliðum, þar má því búast við að verði alger mengunnar pollur á gráum dögum í framtíðinni ef Vegagerðin fær framkvæmdaleyfi fyrir stofnbrautinni. Það mætti því spyrja Skipulags og samgönguráðs Reykjavíkur að því hvert börnin í eigi að fara út í frímínútur á gráum dögum ef þeirra vilji til að fullgera Arnarnesveg verður að veruleika.

Núverandi umhverfismat með 15.000 bíla efri mörk er þannig að vernda börnin í Salaskóla fyrir stofnbrautar umferðarpunga og þar með fyrir gráum dögum.

Myndi einkaaðili komast upp með það sem Vegagerðin er að reyna?

Til að svara því er best að koma með dæmi. A vill setja fjögurra ofna verksmiðju við grunnskóla, hver ofn getur dælt svifryki sem nemur 15 þúsund bílum. A fær verkfræðistofu til að spá fyrir um hvernig verksmiðjan muni verða notuð og verkfræðistofan spáir því að vegna ytri aðstæðna þá verði bara kveikt á einum ofni á næstu árum. Í framhaldinu er spáin sett í forsendur umhverfismatsins og bara einn ofn umhverfismetinn, og eins og við þekkjum með Arnarnesveg þá telst mengun af 15 þúsund bílum lítil og því í lagi upp við grunnskóla. Einhverjum árum síðar vill A nú stækka verksmiðjuna í fjóra ofna hann hafi jú sagt í umhverfismatinu að þetta væri fjögurra ofna verksmiðja og spáin sem hann vísaði í væri orðin úrelt og allir hefðu átt að átta sig á að þetta væri bara spá.

Skipulagsstofnun (að mínu mati) myndi líklega halda að A væri að grínast með þessari umsókn, hún væri fljót að benda A á að það sé útilokað að gefa honum framkvæmdaleyfi fyrir stækkuninni, enda hafi A bara umhverfismetið útblástur frá einum ofni og það sé þannig sú heimild sem hann sótti sér, einu gildi hvernig A komst að þeirri niðurstöðu að umhverfismeta bara einn ofn. Skipulagsstofnun myndi bæta við (að mínu mati) að A hafi tekið þá ótrúlegu ákvörðun að setja verksmiðjuna á skjólsælan stað og upp við grunnskólalóð, hún telji því afar ólíklegt að umhverfismat með fjórum ofnum verði samþykkt.

Svar: Nei ekki möguleiki.

Ekki hægt afsaka sig með mótvægisáðgerðum

Því ber að sjálfsögðu að fagna að Vegagerðin sé að reyna að bæta loftgæði með mótvægisáðgerðum. Það breytir því ekki að lítið hefur gengið í þeim efnum og má benda á grein [3] frá því í fyrra sem ber fyrirsögnina "Svifryk mælist aftur langt yfir heilsuverndarmörkum", og einnig þessar grein frá Heilbrigðisstofnun [4], "Þú sópar ekki gasi í burtu". Vegagerðin getur þannig ekki skotið sér undan ábyrgð með einhverju mótvægisáðgerðar tali.

Niðurstaða

Það er útilokað að gefa Vegagerðinni framkvæmdaleyfi fyrir stofnbraut byggt á umhverfismati sem dugar ekki 1+1 vegi og hvað þá 2+2 stofnbraut. Skipulagsstofnun getur þannig ekki veitt Vegagerðinn framkvæmdaleyfi fyrir Arnarnesvegi 3. áfanga enda þarf það leyfi fullgilt stofnbrautar umhverfismat [4].

Eins og rakið er hér að ofan þá myndi einkaaðili líklega ekki einu sinni reyna að fá framkvæmdaleyfi fyrir stækkun verksmiðju nema vera búin að umhverfismeta stækkunina og kynna fyrir almenningi. Það má því heita með ólíkindum að Vegagerðin með umhverfismat sem dugar ekki einu sinni einbreiðum vegi, skuli hegða sér eins og það sé nánast formsatriði að hún fái framkvæmdaleyfi fyrir lagningu stofnbrautar.

Þetta annars vandaða deiliskipulag er þannig byggt á brauðfótum, en án framkvæmdaleyfis fyrir stofnbraut er deiliskipulag fallið um sjálft sig.

Heimildir:

[1]: Umhverfismörk svifryks tafla 13.1 bls. 41 í umhverfismati Arnarnesvegar 2003. "Umhverfismörk efna frá bílaumferð, skv. reglugerðum nr. 251/2002 og 791/1999". Þar má finna meðal annars viðmiðunargildi fyrir svifryk sem vísað er í.

[2]" Styrkur svifryks mælist aftur langt yfir heilsuverndarmörkum.
<https://www.visir.is/g/20212093908d>

[3] Ekki nóg að sópa og rykbinda: „Þú sópar ekki burtu gasinu“

<https://www.frettabladid.is/frettir/rykbindin-og-sopun-ekki/>

[4] Bæði núverandi og fyrrverandi lög um mat umhverfisáhrifum setja Arnarnesveg með sínum aðskyldu akreinum og mislægu gatnamótum í alvarlegasta flokkinn A. Í flokki A eru mannvirki sem talin eru hafa mest áhrif á umhverfið og þannig ávallt háð umhverfismati.

-Nýju lög in sem tóku við af nr. 106/2000:

Lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana 2021 nr. 111 25. júní.

1.Viðauki: "Í flokki A eru tilgreindar þær framkvæmdir sem ávallt eru háðar umhverfismati."

10.6 "Lagning hraðbrauta og sambærilegra vega, svo sem lagning nýrra vega með aðskildum akstursstefnum og mislægum vegamótum." (Flokkur A)

-Eldri lög:

Lög um mat á Umhverfisáhrifum nr. 106/2000

1. Viðauki: 10. i. Stofnbrautir í þéttbýli. (Flokkur A)

Minjastofnun
ÍslandsThe Cultural
Heritage Agency
of IcelandReykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið
SkipulagsfulltrúiBorgartún 12-14
105 ReykjavíkMinjavörður Reykjavíkur og
nágrennisSuðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Reykjavík 8. febrúar 2022

MÍ202201-0150/ 6.09 / 0645 & 0875

Efni: Arnarnesvegur 3. áfangi - Deiliskipulag tillaga

Með tölvubréfi dagsett 27. janúar 2022 óskaði skipulagsfulltrúinn í Reykjavík eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um deiliskipulagstillögu sem Reykjavíkurborg og Kópavogsbær standa í sameiningu að. Um er að ræða deiliskipulag Arnarnesvegar, 3. Áfangi, frá Rjúpnavegi í Kópavogi að Breiðholtiðsbraut í Reykjavík. Meðfylgjandi erindinu var skipulagsuppdráttur og greinargerð unnið Eflu verkfræðistofu dagsett 13.12.2021.

Minjastofnun hefur áður veitt umsagnir vegna skipulagssvæðisins dagsettar 26. maí 2021, 1. desember 2020. Einnig liggur fyrir umsögn Fornleifaverndar Ríkisins dagsett 7. mars 2003.

Í 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 segir:

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsóknna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirlönd um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma.

Fornleifaskráning hefur verið gerð fyrir skipulagssvæðið, Arnarnesvegur 3. Áfangi – Deiliskráning og fornleifarannsókn

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kæranlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og
nágr.
henny@minjastofnun.is

unnin af Fornleifastofnun Íslands árið 2021, skýrsla nr. FS864-21401. Er sú skráning í samræmi við 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 og telst fullnægjandi fyrir afgreiðslu þessa skipulags.

Í fornleifaskráningunni er fjallað um fimm minjastaði og eru fjórir þeirra innan skipulagssvæðisins og einn rétt fyrir utan mörk þess. Eftirfarandi fornleifar voru skráðar, Kálgarður (215:006) sem er horfinn, Markasteinn (216:004) er rétt utan við mörk skipulagssvæðisins og Vatnsendavegur (215:007) sem liggur þvert yfir skipulagssvæðið og hlutar hans liggja utan við mörk skipulagssvæðisins.

Tveir staðir, Grjóthrúga (215:008) og Þúst (216:008) teljast ekki til fornleifa, en Minjastofnun fór fram á að manngerða Grjóthrúgan yrði rannsökuð þar sem aldur og tilgangur hennar var óljós. Niðurstöður þeirra rannsókna eru í 8. kafla í skýrslu Fornleifastofnunar Íslands.


Í greinargerðinni sem fylgdi erindinu, kafla 3.9 sem fjallar um minjar vill Minjastofnun koma því á framfæri að ekki er farið með rétt mál að fornleifaskráningin frá 2002 samsvari 1. mgr. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. En farið var fram á uppfærslu þeirra skráningar þar sem hún uppfyllir ekki núgildandi kröfur stofnunarinnar um skráningu fornleifa. Einnig er rangt með farið að „Minjavernd Íslands“ hafi farið fram á uppfærslu fornleifaskráningar, en það var Minjastofnun Íslands. Það er rétt með farið að engar friðlýstar minjar eru á deiliskipulagssvæðinu en innan þess eru skráðar friðaðar fornleifar.

Minjastofnun gerir ekki athugasemd við að eftirfarandi skráðar minjar víki vegna framkvæmdanna, Grjóthrúga (215:008) og Þúst (216:008) enda teljast þær ekki til fornleifa sbr. 3. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Stofnunin gerir ekki athugasemdir við að hluti gamla Vatnsendavegar (215:007) muni hverfa vegna framkvæmdanna, en mælt er til þess að reynt verði að komast hjá sem mestu raski. Ekki er heimilt að raska þeim hlutum vegarins sem liggja utan afmarkað skipulagssvæði. Stofnunin fer fram á að Markasteinn (216:004) og Vatnsendavegur (215:007) verði merktar á meðan á framkvæmdum stendur ásamt 15 metra friðhelgunarsvæðis þeirra.

Varðandi skipulagsgögnin fer stofnunin fram á að leiðréttur verði kafli 3.9 í greinargerðinni sbr. athugasemd hér að ofan. Einnig fer stofnunin fram á að útlínur skráðra fornleifa verði færðar inn á skipulagsuppdráttinn þannig að fram komi með skýrum hætti umfang og afstaða minjanna sbr. 4 gr. reglna um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda nr. 620/2019.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonnnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,



Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og nágrennis

Afrit sent:

Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík (skipulag@reykjavik.is)

Skipulagsfulltrúinn í Kópavogi (skipulag@kopavogur.is)

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
bt. Þuríðar Guðmundsdóttur skrifstofufulltrúa
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Dags. 28.02.2022
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2018-0113
0.5.1

Með erindi dags. 27. janúar sl. óskaði umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar eftir umsögn Veðurstofu Íslands um tillögu að deiliskipulagi fyrir Arnarnesveg, 3. áfanga.

Veðurstofan gerir ekki athugasemdir við tillögu þessa.

Virðingarfyllst,



Árni Snorrason
forstjóri VÍ

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026

**Auður D. Kristinsdóttir**

Skipulagsfulltrúi

Kópavogsbær

audurdk@kopavogur.is**Þuríður Guðmundsdóttir**

Skrifstofufulltrúi

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

thuridur.gudmundsdottir@reykjavik.is

Síða 1/1

Tillaga að deiliskipulagi Arnarnesvegar 3. áfangi

Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við auglýsta tillögu enda hefur deiliskipulagið verið unnið í nánú samstarfi við Vegagerðina.

Virðingarfyllt

f.h. Vegagerðarinnar

Erna Bára Hreinsdóttir

forstöðumaður Skipulagsdeildar

Vegagerðin

Borgartún 5-7
105 Reykjavík
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Reykjavíkurborg
Borgatúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 4.3.2022
UST202201-320/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga – Deiliskipulag fyrir Arnarnesveg, þriðja áfanga - Reykjavík

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Reykjavíkur er barst 31. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir þriðja áfanga Arnarnesvegar frá Rjúpnavegi í Kópavogi að Breiðholtsbraut í Reykjavík.

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagið gengur út á að mynda samfelldan stofnveg, 2+2, á milli Reykjanesbrautar og Breiðholtsbrautar. Skipulagssvæðið er rúmir 23 ha. að stærð, 1,9 km að lengd. Auk stofnvegar er um að ræða tvö ný hringtorg, tvö ný undirgöng, nýja hjóla- og göngubrú yfir stofnstíg yfir Arnarnesveg, afmörkun svæða yfir tvö vistlok og fjögurra akreina brú yfir Breiðholtsbraut með sérrými fyrir stofnstíg (göngu- og hjólastíg), hljóðmanir og hljóðveggi. Vegurinn hefur veghelgunarsvæði að jafnaði 30 metra út frá miðlínu vegar, auk stofn- og tengistíga sem lagðir verða samhliða.

Gróðurfar

Í greinargerð kemur fram að rannsóknir á náttúrufari svæðisins, sem var gerð með úttekt árið 2002¹, leiddi í ljós að í vegstæði Arnarnesvegar og næsta nágrenni mátti finna blátoppu, plöntutegund sem er á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands, sem tegund í nokkurri hættu. Við nánari skoðað kom í ljós að blátoppa vex víðar á svæðinu og er að finna víða í nágrenni vegstæðisins.

Í rannsókninni kemur fram að *vegurinn mun því fara yfir hluta af búsvæði tegundarinnar en ekki útrýma henni af svæðinu.*

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt auglýsingu nr. 1385/2021 er blátoppa (*sesleria albicans*) friðuð í samræmi við 1. mgr. 56. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013.² Í 57. gr. náttúruverndarlaga er fjallað um réttaráhrif friðunar. Þar kemur meðal annars fram að öllum er skylt að sýna sérstaka aðgæslu og forðast að raska svæðum þar sem friðað vistkerfi eða friðaða vistgerð er að finna, skaða friðaðar tegundir eða raska búsvæðum þeirra.

Markmið friðunarinnar er að vernda og viðhalda fágætum æðplöntum, mosum og fléttum og náttúrulegu gróðurfari og varðveita líffræðilega fjölbreytni í náttúru landsins. Þekktir fundarstaðir tegundanna eru fáir hér á landi, tegundirnar eru sjaldgæfar eða mjög

¹ <https://utgafa.ni.is/skyrslur/2002/NI-02012.pdf>

² <https://ust.is/library/sida/Nattura/Pl%c3%b6ntufri%c3%b0un.pdf>

sjaldgæfar, með takmarkaða útbreiðslu og teljast vera í hættu samkvæmt válista. Markmið friðunarinnar er jafnframt að tegundirnar geti þrífist og fjölgað sér náttúrulega án íhlutunar og í friði frá neikvæðum áhrifum mannsins. Þá er friðunin liður í að stuðla að stöðvun skerðingar líffræðilegrar fjölbreytni.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að ofangreint komi fram í greinargerð.

Auk þess bendir stofnunin á að nauðsynlegt er í samræmi við 8. gr. og 9. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 að farið sé í rannsóknir á svæðinu og friðaðar plöntur kortlagðar, en skv. 8. gr. náttúruverndarlaga skulu ákvarðanir stjórnvalda sem varða náttúruna byggjast, eins og kostur er, á vísindalegri þekkingu á verndarstöðu og stofnstærð tegunda, útbreiðslu og verndarstöðu vistgerða og vistkerfa. Þá skal og tekið mið af því hver áhrif ákvörðunarinnar muni verða á þessa þætti. Í 9. gr. náttúruverndarlaga er tekið fram að ef hætta er á alvarlegum eða óafturkræfum náttúruspjöllum skal skorti á vísindalegri þekkingu ekki beitt sem rökum til að fresta eða láta hjá líða að grípa til skilvirkra aðgerða sem geta komið í veg fyrir spjöllin eða dregið úr þeim.

Í 7. gr. auglýsingarinnar segir að við töku hvers kyns ákvarðana, sem áhrif geta haft á friðaðar tegundir æðplantna, mosa og fléttna, skulu stjórnvöld sýna sérstaka aðgát svo ekki verði gengið gegn markmiðum friðunarinnar, sem nefnd eru hér að ofan. Leita skal umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og viðkomandi náttúruverndarnefndar áður en tekin er ákvörðun um framkvæmd sem felur í sér röskun friðaðra tegunda æðplantna, mosa og fléttna. Umsögn þessi uppfyllir ekki umsagnarskyldu skv. 7. gr. auglýsingarinnar, sbr. 57. gr. náttúruverndarlaga. Því er nauðsynlegt fyrir sveitarfélagið að óska umsagnar stofnunarinnar á síðari stigum áður en veitt er leyfi vegna umræddra framkvæmda.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að ef friðuðum plöntum er raskað er nauðsynlegt að flytja plönturnar á aðra staði, jafnvel þar sem hinar friðuðu tegundir er að finna, byggja þær upp og vernda í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands.

Svarðlag

Umhverfisstofnun vill benda á að hugmyndin að halda svarðlagi til haga og dreifa því síðan yfir röskuð svæði að landmótun lokinni er sú að með þessu móti ætti að vera unnt að endurheimta staðargróður að einhverju leyti. Á því svæði, sem hér um ræðir, er lúpína að verða ríkjandi og má ætla að það leynist mikill forði lúpínufræja í jarðveginum. Umhverfisstofnun telur lítinn ávinning felast í því að halda svarðlagi sérstaklega til haga í þessu tilfelli þar sem lúpína er ríkjandi. Hér getur verið um nokkuð dýran verkhluta að ræða og ætti frekar að nota þessa aðferð þar sem mögulegt er að endurheimta fjölbreyttari gróðurlendi sem hefur verndargildi.

Hljóðvist

Umhverfisstofnun álítur að hávaði á framkvæmdatíma og frá umferð geti valdið hljóðmengun og geti því haft neikvæð áhrif á upplifun gesta sem heimsækja svæðin, þ.e. Elliðaárdal, útivistarsvæði á Vatnsendahæð og í Vetrargarði. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að afmörkun yfirlitsmyndar, sem sýnir hljóðstig, nái lengra norður inn í Elliðaárdalinn og norður yfir Vetrargarðinn og norður að íbúðarbyggð við Jakasel.

Að mati Umhverfisstofnunar er hægt að skilgreina útivistarsvæðin sem *kyrrlát svæði*, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða. Í reglugerðinni segir um kyrrlát svæði í

skilgreiningu: „*Kyrrlátt svæði: Svæði sem er ætlað til útivistar og afmarkað er í skipulagi, sbr. 3. mgr. 9. gr. reglugerðar um kortlagningu hávaða, nr. 1000/2005.*“

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tillagan taki tillit til þeirra viðmiða sem sett eru í viðauka reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða en í 4. gr. reglugerðarinnar segir, þar sem dvalarsvæði á lóð er skilgreint skal þess jafnframt gætt að hljóðstig sé undir 55 LAeq. Á kyrrlátu svæði skal hljóðstig í þéttbýli ekki fara yfir Lden 50 dB(A) og í dreifbýli ekki yfir Lden 40 dB(A).

Auk þess bendir stofnunin á þann möguleika að nýta gróður til hljóðdempunar.

Loftmengun frá bílaumferð

Í greinargerð kemur fram að loftmengun frá bílaumferð eru metin óveruleg. Umhverfisstofnun bendir á að ekki komi fram í greinargerð á hvaða gögnum sú ályktun er byggð á.

Umhverfisstofnun telur æskilegt að reglugerð nr. 920/2016 um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmsloftinu og styrk ósons við yfirborð jarðar sé nýtt sem viðmið við gerð tillögunnar.

Til þess að meta áhrif loftmengunar frá bílaumferð telur Umhverfisstofnun æskilegt að unnið sé dreifilíkan sem sýnir ársmeðaltal mengunarefna á fyrirhuguðum íbúðarsvæðum í nágrenni vegarins. Æskilegt er að reikna styrk NO² og svifryks á þessum svæðum, bæði ársmeðaltal og hugsanlegan fjölda skipta á ári yfir mörkum. Umhverfisstofnun bendir á að til að fá marktæk gildi fyrir svifryk er ekki nægjanlegt að reikna eingöngu svifryk sem kemur frá útblæstri bíla heldur þarf einnig að felast í útreikningi um svifryk mögulegt ryk frá vegyfirborði.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að loftmengun á svæðinu fari ekki yfir viðmiðunarmörk sbr. viðauka I, reglugerðar nr. 920/2016 um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmsloftinu og styrk ósons við yfirborð jarðar.

Ásýnd og útivist

Umhverfisstofnun tekur undir það sem kemur fram í greinargerð að framkvæmdin muni hafa neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins og geti haft áhrif á upplifun gesta sem nýta það til útivistar, en í greinargerð segir að sjónræn áhrif af nýrri brú og ljósastýrðum planvegamótum Arnarnesvegar og Breiðholtsbrautar eru nokkuð mikil og þetta er stærsta einstaka mannvirkið sem þarf að mæta með mótvægisáðgerðum, sérstaklega hvað varðar ásýnd frá útivistarsvæðinu í Elliðaárdal.

Umhverfisstofnun telur að það þurfi einnig að fjalla um í tillögunni áhrif framkvæmdarinnar á ásýnd lands fyrir íbúa Fellahverfisins, þar sem að framkvæmdin geti haft áhrif á útsýni austur að Bláfjöllum. Í matskyldufyrirspurn Vegagerðarinnar, unnin af VSÓ ráðgjöf, sem nefnist „*Arnarnesvegur: Vegamót við Breiðholtsbraut*“ frá október 2020 segir: „*Breytingar á ásýnd lands munu verða mestar fyrir íbúa þeirra húsa sem yst standa í Fellahverfi. Vegamannvirki munu færast nær húsunum með tilkomu slaufanna og munu íbúar af efstu hæðum fjölbýlishúsanna sennilega horfa yfir gatnamótin. Sjónræn áhrif vegamótanna voru metin nokkur.*“

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur

USK Skipulag

Frá: Snorri Sigurðsson - NI <Snorri.Sigurdsson@ni.is>
Sent: föstudagur, 4. mars 2022 13:54
Til: USK Skipulag
Efni: Re: Arnarnesvegur, nýtt deiliskipulag - ósk um umsögn

Góðan daginn,
Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um deiliskipulagstillöguna:

Tilvísun í mál nr. 202201-0078 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar, dags. 27. janúar 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að deiliskipulagi Arnarnesvegar 3. áfanga.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um skipulagslýsingu fyrir gerð deiliskipulagsins þann 25. maí 2021 og kom með ýmsar ábendingar. Meðal annars var bent á að þar sem umhverfismat framkvæmdarinnar frá 2003 var ekki endurskoðað þrátt fyrir miklar breytingar á umhverfi framkvæmdasvæðisins, væri skynsamlegt að leggja nýtt mat á náttúrufar svæðisins, einkum gróðurfar og fuglalíf holtins í vestanverðri Vatnsendahæð. Það væri sérstaklega mikilvægt til að geta lagt raunhæft mat á nauðsynlegar mótvægisáðgerðir við framkvæmd vegarins sem og útfærslur á staðsetningu og hönnun áætlaðra göngu- og hjólastíga.

Á framkvæmdasvæðinu eru þekktir vaxtarstaðir sjaldgæfrar plöntu, blátoppu, sem er á valista Náttúrufræðistofnunar frá 2018. Þá hefur sú nýlega breyting orðið að blátoppa telst nú friðuð tegund samkvæmt auglýsingu nr. 1385/2021 um friðun æðplantna, mosa og fléttna. Samkvæmt 6. grein auglýsingarinnar er bannað að eyðileggja einstaklinga friðaðra tegunda og samkvæmt 7. grein skal „leita umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og viðkomandi náttúruverndarnefndar áður en tekin er ákvörðun um framkvæmd sem felur í sér röskun friðaðra tegunda æðplantna, mosa og fléttna. Við ákvörðunartöku skal leggja áherslu á mikilvægi framkvæmdarstaðarins með tilliti til útbreiðslu og verndarstöðu þeirra friðuðu tegunda sem þar er að finna og hvort fullnægjandi vernd náist með því að vernda eða byggja upp aðra staði þar sem hinar friðuðu tegundir er að finna. Framkvæmdaraðili skal taka sanngjarnan þátt í kostnaði við slíkar áðgerðir.“

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar um skipulagslýsingu var lagt til að „leggja mat á útbreiðslu tegundarinnar í dag á svæðinu og ef í ljós kemur að veglagningin ógnar mikilvægum fundarstöðum hennar að tilgreina mótvægisáðgerðir svo sem að verja hana gegn ágangi lúpínu“ en lúpína ógnar vaxtarstöðum blátoppu víða á Arnarneshæðinni.

Ekki er fjallað um í greinargerð deiliskipulagstillögunnar að Reykjavíkurborg hafi skoðað nánar gróðurfar svæðisins eða útbreiðslu blátoppu. Nauðsynlegt er að mati Náttúrufræðistofnunar að gera það áður en framkvæmdir hefjast svo hægt sé að leggja mat á umfang æskilegra mótvægisáðgerða. Til viðbótar við áðgerðir gegn lúpínu mætti horfa til þess að færa torfur af blátoppu sem raskast innan framkvæmdasvæðis og finna þeim nýjan vaxtarstað á Arnarneshæðinni. Blátoppa myndar greinilegar þúfur og því heppilegast að reyna að fjarlægja heilar torfur frekar en að treysta alfarið á að fræbanki úr svarðlagi haldist. Þetta þarf að gera vandlega í samstarfi við sérfræðinga. Þar sem stærstur hluti framkvæmdasvæðisins er innan marka Kópavogs en meirihluti þess gróðurlendis sem eftir stendur í Reykjavík ætti að horfa til samstarfs milli beggja sveitarfélaga og framkvæmdaaðilans um slíkar mótvægisáðgerðir.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar um skipulagslýsingu kom einnig fram að líklegt væri að hefðbundnum mófuglategundum hefði fækkað frá því að umhverfismatið var unnið vegna gróðurfarsbreytinga og því ólíklegt að vegagerðin myndi breyta miklu um búsvæði mófugla, en tilefni væri til að skoða mótvægisáðgerðir. Engar mótvægisáðgerðir eru áætlaðar í umhverfisskýrslu en t.d. hefði mátt skoða áðgerðir gegn lúpínu sem og styrking og verndun búsvæða utan framkvæmdasvæðis.

Í umsögninni um skipulagslýsingu var einnig lagt til að meta áhrif framkvæmdarinnar á jarðminjar svo sem stórgrýti í grágrýtisurðinni í Vatnsendahæð. Grágrýtisholtin eru verðmætur minnisvarði um jarðsögu svæðisins og veita íbúum einstakt aðgengi að áhugaverðum minjum um eldsumbrot, framskrið og hörfun jökla, breytingar á sjávarborði og fleiri sögulega atburði. Grágrýtið er einnig mikilvægt undirlag fyrir fjölbreytta flétu- og mosaflóru og hefur einstakt gildi fyrir landslag. Lagt var til að huga að mótvægisáðgerðum vegna rasks á þessum jarðminjum.

Líkt og með röskun á gróðurfari er mest af röskuðum jarðminjum í landi Kópavogs en horfa ætti á samstarf við Reykjavík um flutning á grjóti innan Arnarneshæðar. Þá þarf að horfa til grágrýtisminja í Elliðaárdal þar sem rask verður vegna nýrra vegamóta og legu hjólastíga. Engin umfjöllun er um áhrif á jarðminjar eða mögulegar mótvægisáðgerðir í umhverfisskýrslu deiliskipulagsins og er það miður.

Í deiliskipulagstillögunni eru tekin frá tvö svæði fyrir vistlok yfir nýjan Arnarnesveg til að búa til græna tengingu milli Reykjavíkur og Kópavogs. Þetta er jákvæð áðgerð og Náttúrufræðistofnun leggur til að horft verði til þess að nýta staðargróður og jarðminjar ef hægt er við hönnun umhverfis á vistlokum. Forðast skal að dreifa lúpínu frekar um svæðið.

Í umhverfisskýrslunni eru skilgreindir umhverfisþættir og helstu viðmið sem stuðst er við til að svara umhverfisþáttum. Náttúrufræðistofnun gerir athugasemdir við að ekki sé horft til laga um náttúruvernd nr. 60/2013 þegar lagt er mat á áhrif á gróður og fuglalíf. Þá vantar alveg að fjalla um umhverfisþáttinn jarðminjar. Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir en er tilbúin til ráðgjafar um t.d. mótvægisáðgerðir ef þess er óskað.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "USK Skipulag" <skipulag@reykjavik.is>

To: "Skipulagsstofnun - SLS" <skipulag@skipulag.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Minjastofnun Íslands" <postur@minjastofnun.is>; "Minjavarsla" <minjavarsla@reykjavik.is>; "Íbúaráð Breiðholt" <ibuarad.breidholt@reykjavik.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "heilbrigðiseftirlit@reykjavik.is" <heilbrigðiseftirlit@reykjavik.is>; "shs@shs.i" <shs@shs.i>; "veitur@veitur.is" <veitur@veitur.is>

CC:

Subject: Arnarnesvegur, nýtt deiliskipulag - ósk um umsögn

Date: 27.1.2022 13:00:06

Góðan dag,

Óskað er eftir umsögn vegna tillögu að deiliskipulagi Arnarnesvegar 3. áfanga. Auglýsing um tillöguna birtist í Fréttablaðinu föstudag 21. janúar sl. Tillagan er í kynningu frá 21. janúar 2022 til og með 4. mars 2022. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóð <https://2021.reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/arnarnesvegur-0>

Á fundi skipulagsráðs Kópavogs 20. desember 2021, bæjarstjórnar Kópavogs 11. janúar 2022, skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur 15. desember 2021 og borgarráðs Reykjavíkur 6. janúar 2022 var samþykkt að auglýsa tillögu að deiliskipulagi Arnarnesvegar 3. áfanga. Deiliskipulagstillagan nær til hluta Arnarnesvegar, nýjum 2+2 vegi ásamt tveimur nýjum hringtorgum, frá gatnamótum Arnarnesvegar og Rjúpnavegar að fyrirhuguðum gatnamótum Breiðholtsbrautar og Arnarnesvegar og veghelgunarsvæða hans sem nær að jafnaði 30 metra út frá miðlínu vegarins.

Hluti veghelgunarsvæðis Arnarnesvegur er innan sveitarfélagsmarka Reykjavíkur, en stærsti hluti vegarins liggur innan sveitarfélagsmarka Kópavogs. Samhliða er gert ráð fyrir stofnstíg, aðskilinn hjóla- og göngustíg, frá Rjúpnavegi í Kópavogi og að Elliðaárdal ásamt tengistígum sem og meðfram Breiðholtsbrautinni og undir fyrirhugaða brú yfir Breiðholtsbraut. Jafnframt er gert ráð fyrir göngubrú/vistloki yfir veginn. Arnarnesvegur sem liggur innan marka skipulagssvæðisins er um 1,9 km að lengd og liggur frá suðaustur hluta Leirdals að grænu opnu svæði norðan Breiðholtsbrautar. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan er aðgengileg í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá **21. janúar 2022 til og með 4. mars 2022** og á vefnum, www.reykjavik.is, skipulag í kynningu. Tillagan er einnig aðgengileg á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is skipulag og framkvæmdaleyfi í kynningu og í þjónustuveri bæjarins að **Digranesvegi 1** frá kl. 8:00 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá kl. 8:00 til 13:00. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna.

mkv.

Þuríður Guðmundsdóttir

Skrifstofufulltrúi

Sími/Tel.: +354 +354 411 1111 / 411 1111

thuridur.gudmundsdottir@reykjavik.is



Virðing fyrir umhverfinu ☀
Fagmennska í hverju verk
Þjónusta við samfélagið 🌊

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík
www.reykjavik.is

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026

Umhverfis- og skipulagssvið - Skipulagsfulltrúi

Umsögn íbúaráðs Breiðholts um tillögu að deiliskipulagi Arnarnesvegur 3. áfanga

Á fundi íbúaráðs Breiðholts 7. mars 2022 var umsögn íbúaráðs Breiðholts dags. 7. mars. 2022 um tillögu að deiliskipulagi Arnarnesvegur 3. áfanga, lögð fram og samþykkt, sbr. 1. liður fundargerðar sama dag.

Fulltrúi Samfylkingar, Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar, foreldrasamtaka og slembivalinn fulltrúi leggja fram svohljóðandi bókun:

Arnarnesvegur er hluti af Samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins og samvinnuverkefni Reykjavíkur, Kópavogs og Vegagerðar. Framlenging Arnarnesvegur ásamt gatnamótum við Breiðholtsbraut er hluti af samgöngusáttmála ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Á skipulagssvæðinu er gert ráð fyrir þrennum undirgöngum, tveimur göngubrúum auk heimildar fyrir tvenn vistlok yfir Arnarnesveg. Stærð gatnamótanna er haldið í lágmarki til að ganga sem minnst á svæði Elliðaárdals og tryggja að fyrirhugaður vetrargarður í Seljahverfi fái notið sín. Þétt net stíga fyrir gangandi og hjólandi liggur meðfram veginum á gatnamótum. Ráðið leggur áherslu á að bætt verði við samfelldum stofnstíg vestan við Arnarnesveg sem yrði hluti af HverfisSKIPulagi Breiðholts, til að bæta samgöngur fyrir gangandi og hjólandi á svæðinu enn frekar og tengja Seljahverfið við stofnstígakerfi hjólanetsins. Ráðið krefst þess að fjármagn verði tryggt fyrir vistlokum þannig að hægt verði að koma þeim fyrir samhliða framkvæmdinni sjálfri. Íbúaráðið telur að upplýsingar um aukna umferð Breiðholtsbrautar og áhrif af henni í kjölfar tengingar við Arnarnesveg vanti.

Fulltrúi íbúasamtaka leggur fram svohljóðandi bókun:

Arnarnesvegur er hluti af Samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins og samvinnuverkefni Reykjavíkur, Kópavogs og Vegagerðar. Framlenging Arnarnesvegur ásamt gatnamótum við Breiðholtsbraut er þannig hluti af samgöngusáttmála ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Telur fulltrúi íbúasamtakana Betra Breiðholt, þau engan veginn í takt við þarfir íbúa. Fulltrúinn leggur því til að áform um veginn verði endurskoðuð þannig að þau taki frekar mið af þörfum Breiðhyllinga með tengingum við hjólreiðavegi og falleg útivistarsvæði. En skoðað verði hvort í raun sé þörf fyrir almenna umferð á svæðinu, hvort nægja myndi að veita umferð Borgarlínu og forgangs akstri um svæðið en ekki almenna umferð og því ekki þörf fyrir framkvæmd af þessari stærðargráðu.

Í samræmi við samþykkt ráðsins er hjálagðri umsögn íbúaráðs Breiðholts hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,
Heimir Snær Guðmundsson
Miðlæg stjórnsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa




Reykjavíkurborg

Samrit:

Hjálagt: Umsögn íbúaráðs Breiðholts um tillögu að deiliskipulagi Arnarnesvegar 3. áfanga

Umsögn Íbúaráðs Breiðholts dags 7. mars 2022 um tillögu að deiliskipulagi við 3. áfanga Arnarnesvegur

Íbúaráð Breiðholts leggur áherslu á að skoðað verði að leggja nýjan stofnstíg hjólréiða og göngustíg með tengingu inn í Seljahverfið inn á hjólastígakerfi sem liggur samhliða nýja vegstæði Arnarnesvegur (Mynd 1. Gulmerkt). Á meðan framkvæmdum stendur er mikilvægt að huga að þessum hjólastíg sem liggur, skv. Hverfisskipulagi Breiðholts, í gegnum Jafnasel, enda er hann eina tengingin við stígakerfi Elliðaárdalsins undir Breiðholtsbraut. Mikilvægt er að hugað sé að lýsingu við stígakerfið, hann sé þjónustaður eftir árstíðum og öryggi gangandi/hjólandi sé tryggt. Ráðið leggur líka til að kannað verði hvort hægt sé að búa til áningu í holtinu þar sem hægt verði að horfa yfir Breiðholtið og borgina þar sem stofnstígur og safnstígur mætast og hugað verði að gróðursetningu trjáa samhliða vegstæðinu og í hotlinu fyrir ofan Jakasel, Kaldasel, Klyfjasel og Lambaseli.



Ráðið leggur mikla áherslu á að við fyrirhuguð gatnamót við Breiðholtsbraut, þar sem er gróin íbúðarbyggð og útivistarsvæði, þ.m.t. Elliðaárdalur sem er á náttúrumínjaskrá auk þess að vera skilgreindur sem hverfisverndarsvæði í aðalskipulagi Reykjavíkur, verði reynt að lágmarka áhrif og inngríp sem framkvæmdin kynni að hafa. Sérstaklega er átt við þá ásýnd svæðisins fyrir núverandi íbúabyggð og vegna skerðingu á útivistarmöguleika á nærsvæðum veggins með meiri góðri, markvissri hljóðvist og gróðursetningu sérstaklega að hugað sé hljóðvist við safngötu Suðurfells og nýðri hluta Vetrargarðsins með tilheyrandi ráðstöfunum og að ásýnd taki mið af umhverfinu.

Íbúaráðið fagnar því að Vetrargarðinn haldi sér, tilvist hans sé tryggð og tekið er fyrir alla óafturkræfa uppbyggingu á svæði hans, heimilt verði að nýta svæðið bæði sem Vetrargarð og til gróðursetningar en ekki mannvirkjagerðar. Ráðinu finnst gott að öll önnur nýting svæðisins krefst skipulagslegar meðferðar og verður alltaf að vera háð samþykki skipulagsyfirlöndum borgarinnar.

Jafnframt hvetur ráðið að komið verði upp loftgæðamæli í nágrenni útivistarsvæðisins en með því er hægt að fylgjast með breytingum á loftgæðum samhliða breytingu á umferðarpunga á svæðinu. Ráðið telur mikilvægt að vistlokin verði góð tenging milli

sveitarfélaganna og brýnt að þau verði unnin samhliða gerð vegarins en komi ekki til seinna. Um er að ræða lykil tengingu milli sveitarfélaganna fyrir hjólandi og gangandi sem og þau draga úr sjónrænum hluta vegarins og vonandi kalla fram svipaða ásýnd á holtinu eins og það er í dag.

Íbúaráðið vill að íbúaráðið og íbúar í hverfinu, sérstaklega í nærliggjandi byggð, fái upplýsingar um mögulegar framkvæmdir sem kunni að valda ónæði í aðdraganda framkvæmda eða um leið og framkvæmdaáætlun liggur fyrir.